

Svör Vinstri-Grænna við spurningum Landssambands hestamannafélaga

- 1. Er þinn flokkur tilbúinn til að lögfesta í vegalögum lögverndun reiðvega sem tryggði öryggi hestamanna og bannaði um leið umferð mótorknúinna ökutækja nema sem um getur í 5. gr. a. 1.mgr. umferðalaga?**

Það hefur verið umræða um þessi mál um all langan tíma. Lengi hefur verið rætt um skilgreiningu vega og slóða, t.d. gönguleiða, hjólreiðaslóða og svo einnig reiðvega eins og hér er nefnt og þá í leiðinni hlutverk og skyldur ríkisvaldsins gagnvart slíkum leiðum.

Vinstrihreyfingin grænt framboð vill skoða reiðvegi í þessu samhengi og í sambandi við aðra sambærilega vegi eða slóða eins og getið er um hér að framan. Mikilvægt er að náð samráð sé haft á milli stjórnvalda og hagsmunaaðila hverju sinni um þessi mál og er Vinstrihreyfingin grænt framboð tilbúinn til að standa að og eiga aðild að slíku samstarfi. Vinstri græn taka undir það sjánrmið sem fram kemur í spurningunni varðandi 5.gr. a. 1.mgr. umferðarlaga.

- 2. Árlega skapast miklar gjaldeyristekjur í kringum íslenska hestinn og hestatengda ferðaþjónustu. Er þinn flokkur tilbúinn að beita sér fyrir auknu fé til reiðvegamála t.d. 1/2 til 1% af þeim gjaldreyri sem hestamennskan skapar?**

Vinstrihreyfingin grænt framboð er þeirrar skoðunar að draga eigi úr mörkuðum tekjustofnum sem fela það í sér að tekjum skuli ráðstafað þangað sem þeim er aflað. Það mun alltaf leiða til mismununar í samfélaginu eins og dæmin sýna.

Flokkurinn er hinsvegar þeirrar skoðunar að við ráðstöfun tekna sé tekið tillit til gildis, umfangs, umsvifa og tilgangis þeirrar starfsemi sem um ræðir og að ríkið komi að málum með sama hætti og gert er í öðrum sambærilegum greinum og þá í samstarfi við sveitarfélögin og hagsmunaaðila. Ljóst er að það gildir um hestamennsku.

Vinstrihreyfingin grænt framboð leggur áherslu á að gerð verði áætlun um uppbyggingu reiðvega næstu 10 ár, samhliða samgönguáætlun.

- 3. Telur þinn flokkur ástæðu til að færa reiðvegi frá**

umferðarþungum akvegum?

Já, við í Vinstrihreyfingunni grænu framboði teljum að það sé rétt. Forgangsatíðið er þó vitaskuld að styrkja reiðvegakerfið í heild, þannig að það nái meðfram vegum víðar en nú er. Er í því sambandi vísað til svars við spurning 2 um áætlanagerð um uppbyggingu reiðvega.

- 4. Er þinn flokkur tilbúinn að beita sér fyrir því að hestaíþróttir verði viðurkenndar sem sérstök námsbraut í framhaldsskólakerfinu, þannig að þeir sem ljúka þar námi öðlist réttindi til t.d. tamninga, þjálfunar, kennslu og að taka að sér og leiða hópa í ferðamennsku á hestum ?**

Vinstrihreyfingin grænt framboð telur að það sé algjörlega sjálfsagt mál. Slíkt nám þarf að byggjast upp að frumkvæði framhaldsskóla í samstarfi við hagsmunaaðila og stjórnvöld. Jafnframt er mikilvægt að framhaldsnám á þessu sviði myndi samfellu yfir á háskólastigið þannig að ekki verði rof í námi á þessum tveim skóalstigum. Vinstrihreyfingin grænt framboð vill einnig vekja athygli á möguleikum grunnskóla á að bjóða upp á starfstengt nám, t.d. varðandi hestamennsku í valgreinum á seinni stigum grunnskólanáms.

- 5. Er þinn flokkur tilbúinn eftir kosningar til að skoða skattalegt umhverfi hestamenskunnar með það að markmiði að minnka kostnað þeirra sem stunda hestamennsku?**

Efnahagslega staða Íslands og þröng staða ríkisfjármála eftir hrun hefur ekki boðið upp á mikið svigrúm til skattalegra afslátta, og útlit er fyrir að svo verði áfram í nánustu framtíð. Forgangsatíði stjórnvalda næstu ára hlýtur að vera að byggja aftur upp og bæta heilbrigðis- og velferðarkerfið eftir það tjón sem það varð fyrir vegna niðurskurðar fyrir hrun, og áfallsins sem varð við hrunið. Uppbygging velferðarkerfisins, heilbrigðiskerfisins og menntakerfisins munu verða forgangsmál af hálfu Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs áður en ráðist verður í skattalækkanir sem skerða tekjustofna ríkisins.

- 6. Er þinn flokkur tilbúinn til að beita sér fyrir lagabreytingu**

Þannig að allir þeir sem eiga og rækta íslenska hestinn sitji við sama borð þegar kemur að ákvarðanatöku um hann?

Já, það er Vinstrihreyfingin grænt framboð tilbúin til að gera. Við teljum að taka verði tillit til þeirra sem eiga hagsmuna eiga að gæta í þessu sambandi sem öðru.

7. Er þinn flokkur tilbúinn til að skoða frekari uppbyggingu íþróttareiðhúsa um landið.

Bygging íþróttahúsa er á hendi viðkomandi sveitarfélaga sem fjármagna slíkar byggingar að stærstum hluta á móti framlagi ríkisins. Er það í samræmi við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ríkissjóður er því miður ekki líklegur til að taka þátt í stórum verkefnum af þessu tagi á næstu árum vegna þess þrönga stakks sem hrunið sneið hinu opinbera. Af sömu sökum er ólíkt að sveitarfélögin séu í stóðu til þess heldur. Vinstrihreyfingin grænt framboð er hinsvegar hér eftir sem hingað til reiðubúið að beita sér fyrir samstarfi ríkis og sveitarfélaga á þessu sviði þegar færi gefast á því.

9. Er þinn flokkur tilbúinn til þess eftir kosningar að gera samning við Landsamband hestamannafélaga um þau verkefni sem LH og hestamannafélögin sinna hér á landi og erlendis fyrir íslenska hestinn og þá sem honum una. Á ári hverju taka einstaklingar á vegum LH starf í því mikilvæga sjálfboðaliðsstarfi sem fram fer innan FEIF, sem eru alþjóðasamtök í kringum íslenska hestinn.

Vinstrihreyfingin grænt framboð telur vel koma til greina að gera samning við hagsmunaaðila í hestamennsku í þessu veru. Það starf sem unnið hefur verið á undanförunum árum við að kynna Íslenska hestinn og markaðssetja hann erlendis er ómetanlegt. Það starf hefur haft jákvæð áhrif á viðhorf til lands og þjóðar auk þess sem að skapa fjölmörg störf og mikil umsvif í kringum hestinn bæði hér heima og erlendis. Það er því eðlilegt að samskipti ríkisins og hagsmunaaðila verði skoðuð frekar með það í huga að viðhalda og efla þetta starf enn frekar.

10. Er þinn flokkur tilbúinn til að setjast niður eftir kosningar

með forsvarsmönnum Landsmóts hestamanna og finna lausn á þeim vanda sem varð til þegar fresta þurfti Landsmóti um eitt ár vegna „Smitandi hósta“ sem herjaði á íslenska hrossastofninn vorið 2010?

Ríkissjóður lagði til fjármuni í rannsóknir vegna „smitandi hósta“ þegar veikin gerði fyrst vart við sig. Vinstrihreyfingin grænt framboð telur að best færi á því að Landssamband hestamannafélaga gerði tillögur um lausn á þessum vanda sem stjórnvöld hljóta þá að skoða með velvild.